

Nr. 041 / 09 Örvar SH 777**Skipverji slasast á handlegg**

Skipaskr.nr. 2159
Smíðaður: Noregi 1992
Stærð: 411 brl. 688 bt.
Mesta lengd: 43,21 m Skráð lengd: 39 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,8 m
Vél: Caterpillar 735 kW
Fjöldi skipverja: 14



Örvar©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrslur
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 16. október 2008 var Örvar SH 777 á línuveiðum á Skagagrunni. Veður: 11 m/s og lítill sjór.

Verið var að leggja línuna og skipverjinn sem sá um færin henti út, um dráttarlúguna, millibóli og færi. Bólið flæktist í öryggisband (halaband) sem var fest í fiskihakann með þeim afleiðingum að hakinn skaust í vinstri olnboga hans. Við þetta fékk skipverjinn skurð á olnbogann og var hann saumaður af stýrimanni.

Vegna þráláttra verkja fór hann til læknis u.þ.b. þremur mánuðum seinna og kom þá í ljós að sprungur voru í olnboganum og taugar skemmdar.

Við rannsókn kom fram:

- að fiskihakinn hafði verið tekinn inn eftir dráttinn og lá á þilfarinu í dráttarrýminu. Hann er járnstöng með fimmkrækju í fremri enda og auga á þeim innri en þar er öryggislínan lásuð með fjaðralás (karabínu) en efri enda línunnar er fest innan við lúgukarminn; (getur ekki hafa verið stál því þá hefðu þeir varla haldið á henni)
- að sögn skipstjóra er venjulegt vinnulag að áður en lagning línunnar hefst er hakinn losaður frá henni og honum komið inn úr dráttarrýminu til að rýma til á vinnusvæðinu. Á lögninni er bólum og færinum komið fyrir borð út um dráttarlúguna. Þessi aðgerð er á verksviði þess sem sér um bólin og færin á lögninni.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að ekki var unnið eftir því verklagi sem ætlast er til að viðhaft sé.